Nr. 40.
30.
júlí.

# Lög

um

## sóknargjöld.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### I. Um prestsgjald.

1. gr.

Preststíund af fasteign og lausafje, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk skal af numið frá fardögum 1909.

2. gr.

Hver maður 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona, og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald í prestslaunasjóð 1 kr. 50 aura á ári.

Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til prests og kirkju eigi minna en sem svarar 2 kr. 25 a. fyrir hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri.

3. gr.

Eindagi gjalds þessa er 31. desember ár hvert fyrir það fardagaár, sem er að líða, og skal það greitt í peningum. Sóknarnefndir innheimta gjaldið í fyrsta skifti árið 1909, og fá þær 6 % af upphæðinni í innheimtulaun.

4. gr.

Sóknarnefnd skal gera árleg reikningsskil fyrir prestsgjaldinu eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti sóknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok febrúarmánaðar ásamt upphæð þeirri í peningum, er borið hefir að innheimta, eða kvittun sóknarprestsins fyrir því fje, er sóknarnefndin hefir greitt honum samkvæmt ávísun prófasts.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

om

## Sogneydelser.

Nr. 40.
30.
Juli.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### I. Om Afgifter til Præster.

§ 1.

Præstetiende af fast Ejendom og Løsegods, Offer, Løsemandsafgift, Lammefoder og Dagsværk ophæves fra Fardag 1909.

§ 2.

Enhver Person over 15 Aar, Mand eller Kvinde, uden Hensyn til Stilling skal yde aarlig 1 Kr. 50 Øre til Præstelønningsfonden.

Herfra undtages alle dem, som tilhøre et udenfor Folkekirken staaende Kirkesamfund, hvis Præst eller Forstander er autoriseret af Kongen, saafremt de Ydelser til Præst og Kirke, som aarlig erlægges af Menigheden, andrager mindst 2 Kr. 25 Øre for hvert Menighedsmedlem over 15 Aar.

§ 3.

Forfaldsdagen for denne Afgift er den 31. December hvert Aar for det løbende Fardagsaar. Afgiften erlægges i Penge. Sogneudvalget indkræver Afgiften første Gang for Aaret 1909. Som Incassationssalær erholder det 6 pCt. af Beløbet.

§ 4.

Sogneudvalget aflægger aarlig Regnskab for Præsteafgiften efter et af Ministeriet i Samraad med Biskoppen affattet Skema. Inden Udgangen af Februar tilstiller Sogneudvalgets Formand Provsten Regnskabet med tilhørende Bilag og det Beløb i Penge, som skulde indkræves, eller Sognepræstens Kvittering for det Beløb, som Sogneudvalget

Prófastur getur haldið sóknarnefnd með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann til að gera skil á tilteknum tíma.

## II. Um kirkjugjald.

5. gr.

Kirkjutíund af fasteign og lausafje, kirkjugjald af húsum, ljóstollur, lausamannsgjald, legkaup og skilduvinna sóknarmanna við kirkjubyggingu skal af numið frá fardögum 1909.

6. gr.

Í sóknum, þar sem söfnuður hefir tekið að sjer umsjón og fjárhald kirkju, skal frá sama tíma afnumin niðurjöfnun kostnaðar við kirkjusöng samkvæmt lögum 22. maí 1890 um stjórn safnaðarmála, niðurjöfnun kostnaðar til kirkjugarða, samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1901, um kirkjugarða og viðhald þeirra, niðurjöfnun kostnaðar við prestskosningu samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um veitingu prestakalla, og niðurjöfnun á borgun til safnaðarfulltrúa samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

Allan þann kostnað, er hjer ræðir um, skal greiða úr sjóði sóknarkirkjunnar. Ef kostnaðurinn hvílir á fleiri kirkjum eða sóknum í sameiningu, skal honum skift niður á þær eftir tölu safnaðarlima í hverri kirkjusókn, þeirra sem gjaldskyldir eru.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir eigi á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skal öllum þeim kostnaði, sem um er rætt í þessari grein, jafnað niður á þann hátt, að sama gjald komi á hvern safnaðarlim, sem gjaldskyldur er til kirkju.

7. gr.

Hver maður, sem er 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, 75 aura á ári.

Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til prests og kirkju eigi minna en sem svarar 2 kr. 25 a. fyrir hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri.

Nú hefir söfnuður á hendi umsjón og fjárhald kirkju, og má sóknarnefnd þá með jákvæði lögmæts safnaðarfundar og samþykki hjeraðsfundar hækka og lækka kirkjugjald fyrir eitt ár í senn eða um tiltekið árabil.

Ef hið lögskipaða kirkjugjald með hækkun þeirri, er sóknarnefnd hefir ákveðið og safnaðarfundur og hjeraðsfundur samþykt, nægir ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar, er sóknarnefnd heimilt að jafna niður því, sem á vantar, á alla gjaldskylda safnaðarlimi eftir efnum og ástæðum.

8. gr.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir ekki tekið að sjer umsjón og fjárhald kirkju, er landstjórninni veitt heimild til að ákveða kirkjugjald þannig, að það, miðað

har betalt ham ifølge Provstens Anvisning. Provsten kan under en daglig Mulkt af 1 Kr. for hvert Medlem af Sogneudvalget tilholde dette at aflægge Regnskab til rette Tid. Nr. 40. 30. Juli.

## II. Om Afgifter til Kirken.

§ 5.

Kirketiende af fast Ejendom og Løsegods, Kirkeafgift af Huse, Lysetold, Løsemandsafgift, Betaling af Gravsted, Sognebeboernes Pligtarbejde til Opførelse af Kirker bortfalder fra Fardag 1909.

§ 6.

I de Sogne, hvor Menigheden har overtaget Kirkens Tilsyn og Værgemaal, ophæves fra samme Tid Paaligning af Omkostninger ved Sang i Kirken i Henhold til Lov 22. Maj 1890 om Bestyrelsen af Menighedsanliggender, Paaligning af Omkostninger til Kirkegaarde i Henhold til Lov 8. November 1901 om Kirkegaarde og deres Vedligeholdelse, Paaligning af Omkostninger ved Præsters Valg i Henhold til Lov 16. November 1907 om Besættelse af Præsteembeder, og Paaligning af Betaling til Menighedsrepræsentanter i Henhold til Lov 16. November 1907 om Ordningen af Sogneudvalg og Herredsudvalg.

Alle de her omhandlede Omkostninger udredes af Sognekirkens Kasse. Hvis de paahvile flere Kirker eller Sogne i Fællesskab, fordeles de paa disse efter de ydelsespligtige Menighedsmedlemmers Antal i hvert Kirkesogn.

I de Sogne, hvor Menigheden ikke har Tilsyn med Kirken og dens Værgemaal, skal alle de i denne Paragraf omhandlede Omkostninger paalignes saaledes, at lige Afgift ydes af hvert til Kirken ydelsespligtigt Medlem af Menigheden.

§ 7.

Enhver Person over 15 Aar, Mand eller Kvinde, uden Hensyn til Stilling, skal aarlig betale en Afgift af 75 Øre til den Kirke, som han hører til.

Herfra undtages alle dem, som tilhøre et udenfor Folkekirken staaende Kirkesamfund, hvis Præst eller Forstander er autoriseret af Kongen, saafremt de Ydelser til Præst og Kirke, som aarlig erlægges af Menigheden, andrager mindst 2 Kr. 25 Øre for hvert Menighedsmedlem over 15 Aar.

I Tilfælde af, at Menigheden har Tilsyn med Kirken og dens Værgemaal, kan Sogneudvalget med et lovligt Menighedsmødes Samtykke og et Herredsmødes Godkendelse forhøje eller nedsætte Kirkeafgiften for et Aar ad Gangen eller paa et bestemt Aaremaal.

Dersom den lovbefalede Kirkeafgift med den af Sogneudvalget bestemte og af Menighedsmøde og Herredsmøde stadfæstede Forhøjelse ikke viser sig tilstrækkelig til Bestridelse af Kirkens nødvendige Udgifter, er Sogneudvalget bemyndiget til at paaligne det manglende Beløb paa alle ydelsespligtige Menighedsmedlemmer efter Formue og Lejlighed.

§ 8.

I de Sogne, hvor Menigheden ikke har overtaget Kirkens Tilsyn og Værgemaal, bemyndiges Ministeriet til at bestemme Kirkeafgiften saaledes, at den, i Forhold til

 við tölu allra safnaðarlima, er náð hafa 15 ára aldri 1. janúar 1909, nemi jafn mikilli upphæð og allar sóknartekjur kirkjunnar hafa numið að meðaltali um 10 ár, 1899—1909.

Ákvörðun þessi skal þó því aðeins gilda, að kirkjuforráðandi eða söfnuður hafi beiðst þess, enda hafi hin nýja skipun rýrt eða aukið tekjur kirkjunnar til muna. Auglýsing um hið ákveðna kirkjugjald í hverri sókn skal birt í A-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Eindagi á kirkjugjaldi er 31. desember ár hvert fyrir það fardagaár, sem er að líða. Skal það greitt í peningum, og innheimt í fyrsta sinn árið 1909. Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skulu sóknarnefndir innheimta gjaldið, og fá þær 6 % af upphæðinni í innheimtulaun. Aukaniðurjöfnun þá, er ræðir um í síðustu málsgrein 7. greinar, má sóknarnefnd gera á hverjum tíma árs sem er, og er gjalddagi þess gjalds sex vikum eftir að niðurjöfnunin er auglýst. Í öðrum sóknum greiðist gjald þetta forráðamanni kirkjunnar. Þó má hann fela sóknarnefnd innheimtuna gegn 6 % innheimtulaunum.

## III. Almenn ákvæði.

10. gr.

Sóknargjald til prests og kirkju og niðurjöfnunargjald í safnaðarþarfir skal hver heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á rjett til endurgjalds hjá öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum. Nú er heimilisráðandi öreigi að áliti sóknarnefndar og hefir hún þá rjett til að ganga að gjaldanda sjálfum. Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, getur húsráðandi krafist endurgjalds úr sveitarsjóði.

11. gr.

Presti eða öðrum þeim, er manntal skal taka, er skylt að láta sóknarnefnd ókeypis í tje skýrslur um manntal safnaðarins til afnota við útreikning og innheimtu sóknargjalda. Aldurstakmark gjaldskyldra manna samkvæmt lögum þessum skal miðað við næsta nýjár á undan gjalddaga.

12. gr.

Prestar þeir, sem taka laun eftir eldri ákvæðum, en lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta, skulu fá uppbót úr prestlaunasjóði, svo að jafngildi sóknartekjunum eftir meðaltali þeirra síðustu 5 ár frá 1904—1909, að frádregnum innheimtulaunum 6 %.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin:

Reglugjörð 17. júlí 1782 um tekjur presta og kirkna.

Lög 27. febr. 1878 um kirkjutíund í Reykjavíkurlögsagnarumdæmi.

Lög 19. septbr. 1879 um kirkjugjald af húsum, og lög 2. oktbr. 1891 um breyting á tjeðum lögum.

alle Menighedsmedlemmers Antal, der have opnaaet 15 Aars Alderen den 1. Januar 1909, andrager et lige saa stort Beløb, som Kirkens samlede Sogneindtægter gennemsnitlig har andraget i 10-Aaret 1899—1909. Dog gælder denne Bestemmelse kun for saa vidt, som Kirkeværgen eller Menigheden har forlangt det, og den nye Ordning har i betydelig Grad enten formindsket eller forøget Kirkens Indtægter. Nr. 40. 30. Juli.

Bekendtgørelse om den saaledes bestemte Kirkeafgift i hvert Sogn skal indrykkes i Regeringstidendens Afdeling A.

§ 9.

Kirkeafgiften forfalder til Betaling hvert Aars 31. December for det løbende Fardagsaar. Den erlægges i Penge og indkræves for første Gang i Aaret 1909. I de Sogne, hvor Menigheden har Kirkens Tilsyn og Værgemaal, opkræves Afgiften af Sogneudvalget, som i Incassationsgebyr oppebærer 6 pCt. af Beløbet. Den i § 7 sidste Led hjemlede Ekstrapaaligning kan Sogneudvalget foretage paa hvilken Tid af Aaret den vil; disse Bidrags Forfaldsdag er 6 Uger efter Paaligningens Bekendtgørelse. I andre Sogne betales denne Afgift til Kirkeværgen; han kan dog overdrage Sogneudvalget Incassationen mod 6 pCt. i Incassationssalær.

## III. Almindelige Bestemmelser.

§ 10.

Sogneafgift til Præst og Kirke og den paalignede Afgift til Menighedsbrug skal enhver Husbond betale for dem, som have deres lovlige Hjem hos ham, men han har Ret til Refusion hos dem, som han ikke ifølge Loven skal forsørge. I Tilfælde af, at Husbonden ifølge Sogneudvalgets Skøn er aldeles uden Midler, kan Udvalget indkræve Afgiften af selve Yderen. For Fattiglemmer kan Husbonden kræve Refusion af Fattigkassen.

§ 11.

Sognepræsten eller de som skulle foretage Mandtal ere forpligtede til uden Vederlag at overlade Sogneudvalget Oplysninger om Mandtallet i Menigheden til Afbenyttelse ved Sogneafgiftens Beregning og Opkrævning. De afgiftspligtiges Alderstermin ifølge denne Lov skal bestemmes efter det sidste Nytaar før Forfaldsdagen.

§ 12.

De Præster, der oppebære Lønning ifølge ældre Bestemmelser end Lov af 16. November 1907 om Sognepræsters Lønning, skal erholde et saadant Tillæg af Præstelønningsfonden, at deres Lønning bliver lige med Sogneindtægterne regnet gennemsnitlig i de sidste 5 Aar fra 1904—1909 med Fradrag af 6 pCt. i Incassationsgebyr.

§ 13.

Ved denne Lov ophæves:

Reglement af 17. Juli 1782 om Præsters og Kirkers Indkomster,

Lov 27. Februar 1878 om Kirketiende i Reykjavik Købstads Jurisdiktion,

Lov 19. September 1879 om Kirkeafgift af Huse samt Lov 2. Oktober 1891 om Forandring af denne Lov,

Nr. 40. 30. júlí.

Lög 3. apríl 1900 um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests, og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju.

12.—17. gr. laga 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta.

5. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um umsjón og fjárhald kirkna.

Enn fremur eru af numin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 30. júlí 1909.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jónsson.***

Lov 3. April 1900 om Ydelse af Dagsværk, Offer, Lammefoder og Løsemandsafgift til Præsten, og Lysetold og Løsemandsafgift til Kirken, Nr. 40. 30. Juli.

Lov 16. November 1907 om Sognepræsters Lønning §§ 12—17,

§ 5 i Lov 16. November 1907 om Kirkers Tilsyn og Værgemaal.

Endvidere ophæves alle de i ældre Love indeholdte Bestemmelser, som stride imod denne Lov.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jonsson.***

---

**Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.**

***Björn Jonsson.***

*Jon Krabbe,*
kst.